

028/01 - Anton GK 68

Anton Gk 68, eldur um borð í Grindavíkurhöfn

Anton GK 68

Skipaskr.nr.: 1764

Smíðaður: Skagaströnd/Hafnarfirði 1987 Plast

Stærð: 11,60 brl; 18,50 bt

Lengd: 12,90 m **Breidd:** 3,72 m **Dýpt:** 1,80 m

Vél: Mitsubitshi 147,00 kW **Árgerð:** 1987

Annað:

Földi skipverja: 4



Atvikalýsing

Kl. 05:24 þann 28. mars 2001 var tilkynnt um eld um borð í m.b. Anton GK 68 þar sem báturinn lá við Eyjabakka að norðanverðu í Grindavíkurhöfn og var þriðji bátur frá bryggju. Mikið hvassviðri var og hreyfing.

Eldur kom upp í stýrishúsi og fljótlega eftir að slökkvilið kom á vettvang tókst að ráða niðurlögum hans. Öll stjórnþæki og allt í stýrishúsinu eyðilagðist í eldinum.

Við rannsókn kom fram

- að sögn skipverja var komið úr róðri um kl. 16:00 deginum áður og að löndun lokinni var gengið frá bátnum á hefðbundinn hátt um kl. 17:00;
- að straumur var á rafkerfi stjórnþækja en slökkt á þeim sjálfum;
- að mestur brunni virtist vera við staðsetningu siglingatækja;
- að brunagat var í innréttingu undir siglingatækjunum;
- að mestar líkur eru til þess að eldur hafi komið upp í dýptarmæli.

Nefndarálit

Nefndin fellst á þá niðurstöðu Löggildingarstofu að mestar líkur séu til þess að eldur hafi komið upp í tæki í stýrishúsi en ekki er ljóst hvers vegna